

Ár 1991, miðvikudaginn 13. mars, var í málínu nr. 2/1991 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svo hljóðandi

#### Ú R S K U R Ð U R:




Með bréfi dags. 15. febrúar 1991 kærði Tómas Gunnarsson, hrl., fyrir hönd Félags vatnsvirkja h.f., Hafnahreppi, Gullbringusýslu, til Yfirlasteignamatsnefndar gildandi fasteignamöt á eignarhlutum framangreinds umbjóðanda síns að Lynghálsi 3 í Reykjavík. Nánar segir í bréfi lögmannsins: "Eignarhlutar umbj. míns í Lynghálsi 3 eru tveir, annar er að húsmati kr. 12.759.000,- lóðarmat kr. 532.000,- ...." "Hinn er að húsmati kr. 15.796.000,- lóðarmat kr. 1.156.000,- ...." "Samtals er því fasteignamat eignarhluta umbj. míns kr. 30.243.000,- ...." "Umbj. minn telur að hér séu matstölur allt of háar og muni verulegu á líklegu staðgreiðsluverði eignarhlutanna pr. 1. des. 1990 og fasteignamatinu."

Í upphafi 24. gr. laga nr. 94/1976 segir m.a. um hlutverk Yfirlasteignamatsnefndar: "Hegsmunaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöður endurmats samkvæmt þeirri grein til Yfirlasteignamatsnefndar."

Upplýst er að úrskurður (endurmat) Fasteignamats ríkisins á framangreindum fasteignamötum skv. 21. gr. laga nr. 94/1976 liggur ekki fyrir, enda hefur ekki enn þá verið beðið um hann. Breistur því lagahilmild til þess, að Yfirlasteignamatsnefnd geti tekið kæruna til úrskurðar. Ber því að vísa fyrilliggjandi fasteignamötum framangreindra eigna til Fasteignamats ríkisins til úrskurðar.

#### Ú R S K U R Ð A R O R D:

Framangreindum fasteignamötum á eign kæranda að Lynghálsi 3, Reykjavík er vísað til Fasteignamats ríkisins til úrskurðar.

    
Arni Stefánsson      Pétur Stefánsson      Guðmundur Magnússon